

Fundargerð stjórnarfundar, 11. 3. 2013

Staður: Grenimelur 44, Reykjavík

Tími: 11. 3. 2013 kl. 20.00 til 22.15

Viðstaddir: Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)
Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)
Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar R. Sigurðsson
Fulltrúi Hólsbrautar er formaður: Kjartan Kárason

Forfallaðir: Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson
Fulltrúi Króks: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)
Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)

Á fundinum kom fram:

- 1) Listi yfir féлага í FLÁF var lagður fram til leiðréttingar á símanúmerum og netföngum.
- 2) Rætt var um að bjóða félagsmönnum að koma saman fljótlega, t.d. í einhverri skógræktarstöð, sér til gamans og fræðslu.
- 3) Ákveðinn var dagur fyrir aðalfund, 23.04.2013
- 4) Kjartan Kárason, formaður gerði grein fyrir verkferlum Sigurjóns Eyjólfssonar, í Pétursey, sumarið 2012. Hann bætti veginn í beygjunni neðst í Heiðarbrautinni og endurbætti rafmagnsgirðinguna á aurunum sunnan við Fell.
- 5) Rætt var um mögulegar framkvæmdir á komandi sumri og voru þá vegabætur efstar á lista.
- 6) Ákveðið var að óska eftir fundi með formönnum SR, þeim Helga og Presti.
- 7) Ákveðið var að hafa plöntudag 22. júní '13 og næsta stjórnarfund 25. mars '13.

Fundi var slitið kl. 22.15